

Alfa Framtak

Stefna um ábyrgar fjárfestingar



ALFA FRAMTAK

Efnisyfirlit

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

01

**Tilgangur og
umfang**

02

**Ábyrgar
fjárfestingar**

03

**Sjálfbærni-
áhætta**

04

**Sambætting UFS
og sjálfbærni-
áhættu**

05

**Neikvæð áhrif
fjárfestinga-
ákvarðana á
sjálfbærniþætti
(e. PAI)**

06

Viðauki

1. Tilgangur og umfang



Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Alfa Framtak vill skapa gott orðspor og ná hámarksárangri með ábyrgum fjárfestingum og aðgerðum sem hafa jákvæðar afleiðingar til langs tíma. Í því felst að starfa í sátt og samlyndi við hagaðila þar með talið hluthafa, starfsmenn, viðskiptavinum, birgja, eftirlitsstofnanir og almenning. Þau gildi sem Alfa Framtak starfar eftir eru árangur, orðspor og samvinna.

Stefna Alfa Framtaks um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu inniheldur viðmið félagsins í umhverfismálum, félagslegum þáttum, stjórnarháttum (UFS) sem og sjálfbærniáhættu við fjárfestingarákvarðanir og eignarhald. Sú stefna er í samræmi við 3. grein reglugerð ESB nr. 2019/2088, sem innleidd hefur verið á Íslandi samkvæmt lögum nr. 25/2023, um samþættingu áhættu tengdri sjálfbærni í ákvörðunartökuferli fjárfestinga („SFDR reglugerðin“ eða „SFDR“).

Stefna Alfa Framtaks um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu á við um sjóði í stýringu Alfa Framtaks. Frekari upplýsingar um hvernig stefna félagsins fellur að SFDR reglugerðinni má finna í Starfskjarastefnu Alfa Framtaks og í yfirlýsingu varðandi neikvæð áhrif fjárfestingaákvæðana á sjálfbærniþætti (e. Principle Adverse Impact on Sustainability Factors, einnig þekkt sem PAI) hér að neðan.

Stjórn Alfa Framtaks mun endurskoða stefnu um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu einu sinni á ári. Taka þær breytingar gildi eftir birtingu á vefsíðu félagsins. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á endurskoðun stefnunnar og sér jafnframt til þess að starfsfólk og aðrir hagaðilar séu upplýstir um stefnu Alfa Framtaks í ábyrgum fjárfestingum og hvernig eigi að fylgja henni eftir. Alfa Framtak mun jafnframt upplýsa fjárfesta og aðra hagaðila um árangur og aðgerðir í UFS málum.

2. Ábyrgar fjárfestingar



Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Alfa Framtak telur að ábyrgar fjárfestingar auki velferð samfélagsins í heild sinni, dragi úr áhættu og auki ábata til lengri tíma. Í stað þess að horfa einungis til þátta sem hámarka beinan fjárhagslegan ávinning, hefur félagið skuldbundið sig til þess að taka tillit til umhverfispátta, félagslegra þátta og stjórnarháttar þegar kemur að fjárfestingum þeirra sjóða sem það stýrir.

Alfa Framtak er aðili að UN PRI (UN Principles for Responsible Investment) og hefur með því skuldbundið sig opinberlega til þess að innleiða og útfæra reglur PRI um ábyrgar fjárfestingar, þar með talið við skoðun á fjárfestingakostum, á eignarhaldstíma og við upplýsingagjöf til fjárfesta. Starfsfólk Alfa Framtaks trúir á opin samskipti og gegnsæi í upplýsingagjöf og leggur sig fram við að halda hluthöfum og hagaðilum upplýstum um hvernig árangri fyrirtækja í eignasafni er í umhverfis- og félagslegum þáttum. Sem meðlimur UN PRI skilar félagið árlega skýrslu í samræmi við meginreglur samtakanna. Leitast er við að bæta einkunn Alfa Framtaks á hverju ári og að vera leiðandi afl í ábyrgum fjárfestingum á Íslandi. Alfa Framtak mun einnig leitast við að upplýsa fjárfesta um helstu aðgerðir í hálfárskýrslum til hluthafa.

3. Sjálfbærniáhætta



Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Samkvæmt 6. gr SFDR-reglugerðarinnar ber aðilum á fjármálamarkaði að upplýsa um hvernig sjálfbærniáhætta er samþætt í fjárfestingaferli félagsins. Í umræddri reglugerð er sjálfbærniáhætta skilgreind sem atvik eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttá, sem gæti, ef raungerist, haft neikvæð áhrif á virði fjárfestingar. Skilgreind sjálfbærniáhætta getur vegið misþung milli eignaflokka en hefur félagið það að markmiði að einblína sérstaklega á þá áhættu sem þarfnast sérstakrar athygli hverju sinni við fjárfestingaákvörðun og eignarhaldstíma.

4. Samþætting UFS og sjálfbærniáhættu í fjárfestingaferli og eignarhaldstíma



ALFA FRAMTAK

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Við skoðun á fjárfestingakostum eru áhættuþættir greindir sem gætu haft neikvæð áhrif, annars vegar á rekstur fyrirtækisins og hins vegar umhverfi og samfélög. Sjálfbærniáhætta er ekki fráskilin hefðbundinni áhættustýringu heldur samtvinnuð í ákvörðunartöku félagsins. Fjárfestingastjóri ber ábyrgð á samþættingu UFS þátta og sjálfbærniáhættu í fjárfestingaferli. Vægi áhættuþátta er metið og gripið til mótaðgerða til að lágmarka líkur á að slík áhætta raungerist. Þá er einnig stuðst við UFS þætti til að bera kennsl á möguleg tækifæri á meðan eignarhaldstíma stendur. Fyrirtæki eru ekki endilega útilokuð á þeim forsendum að umhverfis- og félagslegir þættir séu ekki fullnægjandi heldur frekar lagt upp með að fyrirtækin bæti sig á þeim sviðum. Alfa Framtak beitir neikvæðri skimun í ákveðnum tilfellum og útilokar þar með framleiðendur hergagna, félög sem byggja starfsemi sína á framleiðslu tóbaks, og rekstur þar sem mannréttindi eru ekki virt og starfsemi sem stjórn félagsins telur óábyrga gagnvart umhverfinu.

4. Samþætting UFS og sjálfbærniáhættu í fjárfestingaferli og eignarhaldstíma



ALFA FRAMTAK

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Áreiðanleikakannanir

Hluti af fjárfestingaferlinu er að framkvæma UFS áreiðanleikakönnun áður en sjóðir í rekstri Alfa Framtaks fjárfesta í tilteknu fyrirtæki. Áherslur og umfang UFS áreiðanleikakönnunar fer eftir starfsemi og stærð fyrirtækis. Sú vinna varpar ljósi á stöðu fyrirtækis við upphaf eignarhaldstíma og borið er kennsl á þá þætti sem þarfnast úrbóta á meðan þeim tíma stendur. Alfa Framtak telur það mikilvægt að fjárfestingar félagsins skaði ekki sjálfbæra þróun. Því er mikilvægt að skoða mismunandi málaflokka samhliða hvorum öðrum og ganga úr skugga um mögulegt tjón í einum eða fleiri málaflokkum sjálfbærnimála. Í viðauka má sjá atriði sem gefa hagaðilum hugmynd um hvað Alfa Framtak leggur áherslu á við áreiðanleikakannanir.

Eftirfylgni

Við upphaf eignarhaldstíma er gengið úr skugga um að lágmarksviðmiðum um umhverfis-, félags- og stjórnarhætti sé náð innan þess fyrirtækis sem fjárfest er í. Meginmarkmið Alfa Framtaks er að stuðla að árangri með aðgerðum í þeim félögum sem sjóðir Alfa Framtaks fjárfesta í en eignarhaldsstjóri Alfa Framtak ber ábyrgð á málaflokknum á eignarhaldstíma. Bæði er horft til fjárhagslegra þátta og UFS þátta. Í kjölfar fjárfestingar mun Alfa Framtak beita sér fyrir aðgerðum með stefnumótun og stjórnarsetu.

Eigendastefna

Alfa Framtak leggur áherslu á að samstillta sýn og markmið með stjórnendum svo hægt sé að hámarka ábata allra hagaðila og beitir sér þannig sem áhrifafjárfestir. Með því að styðja við stjórnendur og að vanda samsetningu stjórnar má tryggja það að sýninni sé framfylgt og að árangur náist með þeim aðgerðum sem eru kortlagðar.



ALFA FRAMTAK

5. Neikvæð áhrif fjárfestingaákvæðana á sjálfbærniþátt

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Samkvæmt 6. grein SFDR-reglugerðarinnar ber aðilum á fjármálamörkuðum að skýra frá því hvernig hugað er að neikvæðum áhrifum á sjálfbærniþætti við fjárfestingarákvæðanir. Sjálfbærnisarnir í SFDR snúa að umhverfis- og félagslegum þáttum, málefnum starfsfólks ásamt virðingu fyrir mannréttindum og aðgerðum gegn spillingu og mútum. Enn sem komið er tekur Alfa Framtak ekki tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingaákvæðana á sjálfbærniþætti (PAI) í samræmi við 4. grein SFDR reglugerðarinnar. Félagið leggur þó sitt af mörkum til að bera kennsl á umrædda þætti í fjárfestingaferli og eignarhaldstíma og beitir viðeigandi mótvægisaðgerðum ef þörf er á. Núverandi ferlar og áherslur á sjálfbærniáhættu eru í stöðugri endurskoðun og mun félagið vinna að því að bæta þá ferla út frá eigin reynslu og þeim kröfum sem settar eru á félagið hverju sinni af sínum fjárfestum og eftirlitsaðilum.

6. Viðauki



ALFA FRAMTAK

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Eftirfarandi atriði gefa hogaðilum hugmynd um hvað Alfa Framtak leggur áherslu á við áreiðanleikakönnun og mati á neikvæðum áhrifum fjárfestinga-ákvarðana á sjálfbærniþætti. Listarnir eru ekki tæmandi.

Stjórnarhættir

- Hefur fyrirtækið sett sér stefnu um samfélagslega ábyrgð/eða ábyrgar fjárfestingar? Hvernig er henni fylgt eftir?
- Hefur fyrirtækið eða stjórn sett sér siðareglur? Eru þær aðgengilegar á heimasíðu fyrirtækisins?
- Hvernig er stefnu um UFS þætti fylgt eftir?
- Hefur stjórn fyrirtækisins sett sér stefnu varðandi góða stjórnarhætti?
- Hvert er kynjahlutfall stjórnarmanna og stjórnenda?

Umhverfisþættir

- Hefur fyrirtækið sett sér umhverfisstefnu? Ef já, hvernig er henni fylgt eftir?
- Flokkar fyrirtækið sorp?
- Setur fyrirtækið sér stefnu um orkunotkun?
- Mælir fyrirtækið umhverfisfótspor í formi koldíoxíðs, rafmagns- eða vatnsnotkunar? Ef svo hver eru þessi gildi?
- Eru einhver umbótaverkefni í gangi eða fullkláruð sem snúa að umhverfismálum?

Félagslegir þættir

- Hver er starfsmannavelta hjá fyrirtækinu?
- Hvert er kynjahlutfall starfsmanna?
- Hefur fyrirtækið fengið jafnlaunavottun eða sett sér jafnlaunastefnu?
- Hvert er hlutfall lausráðinna starfsmanna?
- Hefur fyrirtækið sett sér öryggisstefnu eða mælt slysatíðni?



ALFA FRAMTAK